

Starfshópur um stefnumótun
Stykkishólmsbæjar í málefnum aldraðra

2. fundur haldinn á Ráðhúsloftinu 16. júní 2021

Fundur hófst kl 17:30.

Fundinn sátu:

Sumarliði Ásgeirsson formaður

Hanna Jónsdóttir

Ingveldur Eypórsdóttir

Magnús Ingi Bæringsson tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

Sigurbjartur Loftsson kom og kynnti tillögur að nýtingu núverandi húsnæðis

Fundargerð ritaði: Magnús Ingi Bæringsson

Sigurbjartur kynnti tillögur að möguleikum varðandi nýtingu húsnæðis að skólastíg 14.

Tillögur Badda ganga út á að neðri hæð verði nýtt í félagsaðstöðu, borðsal, eldhús, og hvíldarrými. Spurning með þvottahús. Litla íbúðin niðri í eldri viðbyggingu mætti stækka og uppi mætti koma fyrir fjórum íbúðum með gang og aðgengi um suðurhlíðinna. Stærð íbúða 75-80 fermetrar. Miðju stigagangur færi og rýmið undir núverandi stigagang nýttist fyrir íbúð. Eins og staðan er nú er aðgengi með hjólastól ekki gott inn á núverandi salerni og baðherbergi. Núverandi geymslu mætti nýta fyrir salerni eða stækkun.

Nefndin ræddi koti út frá hugmyndum Badda og voru eftirfarandi rými nefnd sem koma mætti fyrir á jarðhæðinni. Móttökueldhús, hreyfirými, handavinnurými fyrir smíðar, leir og sauma, klósett með góðu hjólastólaaðgengi, hvíldarrými, snyrtirými fyrir fóttaaðgerðir og hárgreiðslu,.

Nýta mætti rými t.d. í kringum stiga fyrir hjól, rafskutlur eða aðra hreyfihluti.

Rætt var um hvort skoða ætti möguleika á að semja mætti við HVE varðandi þvottahús og þvottaþjónustu? Skiptar skoðanir á þessari lausn.

Velta þarf upp hvort í boði verði áfram dagþjónusta með dagvistun í húsinu, eða hvort HVE sinna því? Fundurinn sammála um mikilvægi þess að áfram verði boðið upp á dagþjónustu sem kallar þá á starfsmann og hvíldarherbergi.

Skoða þarf núverandi lóð í kringum húsnæði sem nýta mætti ef stækka þarf fyrir starfsemina síðar.

Rætt um stækkun á íbúðum yfir að tónlistarskóla. Möguleg tenging með göngurými yfir skólastíginn þannig að ekki þurfi að loka fyrir umferð um Skólastíginn.

Rætt um áframhaldandi búseturétt fyrir öryrkja og mikilvægi þess að skoða möguleika á sambýli, ef verði farið í stækkun eða tengibygging yfir í núverandi húsnæði tónlistarskóla.

Umræða um mikilvægi að hafa hollan mat við hæfði sem hentar sem flestum og geta valið sér magn og meðlæti.

Mikilvægt að takkavæða allir opnanir á hurðum.

Skóða þarf að bjóða upp á fjölbreyttara búsetuúrræði með möguleikann að eiga eða leigja.

Hvaða viðbótþjónustu á að bjóða upp á. T.d. Úthringingu sem væri með svörun á staðnum en ekki til Reykjavíkur. Kostar mögulega að vera þarf starfsmaður á staðnum.

Mikilvægt að taka frá neðri hæð undir sameiginlegt rými og ef byggt verður við og stækkun við tónlistarskóla þá mætti skoðast að færa hluta af félagstarf yfir?

Rætt um að fá aðila frá eftirfarandi á fund við nefndina í ágúst, Aftanskin, Öldungaráði, heimahjúkrun.

Næsti fundur fyrirhugaður 30 júní. 17:30 á Zoom. Sumarliði ætlar að senda út fundarboð.

Fundi slitið kl. 20:00.